



Ritun og tjáning

ÍSLE3RT05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun haustönn 2021

Kennarar:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) gudbjorg10@fsu.is

Jón Özur Snorrason (JÖS) jozur@fsu.is

Áfangalýsing

Í áfanganum er unnið að skapandi skrifum á sem fjölbreyttastan hátt. Hugað er að muninum milli skapandi skrifa og hagnýtra skrifa. Hvað sé sameiginlegt og hvað sé ólíkt? Nemendur skrifa texta af ýmsu tagi: stuttar sögur og prósa, ljóð í frjálsu formi og örleikrit svo eitthvað sé nefnt. Auk þess sem þeir kynna sér (lesa og greina) útgefna texta eftir viðurkennda höfunda. Verkefni af fjölbreyttu tagi verða unnin í töluðu og rituðu máli.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ýmsum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem tengjast skapandi skrifum
- stefnum í íslenskum bókmenntum sem tengjast viðfangsefninu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna skapandi efni frá hugmynd til birtingar
- ganga frá eigin verkum til birtingar eða flutnings
- veita uppbyggilega gagnrýni og nýta sér hana frá öðrum
- flytja af öryggi og sannfæringu kynningu á eigin sköpunarverkum
- skilja viðeigandi stílbrogð, orðatiltæki og menningarlegar tilvísanir í ræðu og riti

Hæfniviðmið:

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á gagnrýninn hátt
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- skrifa vel uppbyggðan og grípandi texta
- velja framsetningu eftir efni, aðstæðum og viðtakendum
- setja fram efni sitt þannig að inntakið liggi ekki á yfirborðinu
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt í ræðu og riti
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkum sínum

Námsefni: Efni frá kennara.

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi og því þarf að skila ÖLLUM verkefnum áfangans.

10% Handrit

20% Ritunarverkefni

15% Kjörbókarvinna

10% Kvikmyndaverkefni

15% Smásagnavinna

10% Ljóðavinna

20% Lokaverkefni og munnlegt próf

Vinnuáætlun - Ritun og tjáning haustönn 2021

Dags	Viðfangsefni	Verkefnaskil
18.-20. ágúst	Kynning á áfanganum. Upphitunarverkefni. Athugið að tjáning er sem rauður þráður alla önnina í tengslum við öll verkefni. Tjáning verður með fjölbreyttum hætti.	
23.-27. ágúst	Skapandi skrif. Ritunarverkefni. Fjallað um handrit, persónusköpun og fleira.	Skapandi skrif, ritunarverkefni
30. ágúst-3. sept.	Handritavinna. Að semja og sviðsetja leikrænan texta (handrit). Einstaklings- eða paraverkefni.	
6.-10. sept.	Að semja og sviðsetja leikrænan texta (handrit) – áframhaldandi vinna. Handriti skilað í lok vikunnar.	Handrit
13.-17. sept.	Smásaga. Valin smásaga lesin, greind og fjallað um hana. Smásagnagreiningu skilað munnlega.	Smásagnagreining (munnleg skil).
20.-24. sept.	Smásögur að eigin vali lesnar, greindar og þær bornar saman. Smásagnagreiningu skilað skriflega.	Smásagnagreining (skrifleg skil).
27. sept.-1. okt.	Ljóðavinna.	
4.-8. okt. Miðannarmat	Ljóðavinna.	Ljóðavinnu skilað.
11.-15. okt. Áfangamessa Haustfrí	Tjáningarform. Undirbúningur kjörbókarverkefnis.	
18.-22. okt. Valdagur	Kjörbókarvinna.	Kjörbókarverkefni.
25.-29. okt.	Kvikmyndaverkefni	
1.-5. nóv.	.	Kvikmyndaverkefni.
8.-12. nóv.	Skapandi skrif. Vinna við lokaverkefni hefst.	
15.-19. nóv.	Lokaverkefni.	
22.-26. nóv.	Lögð lokahönd á lokaverkefni. Kynningarefni undirbúið.	Lokaverkefni skilað.
29. nóv.-3. des.	Nemendur undirbúa sig fyrir munnlegt próf.	Munnleg próf (kynning á lokaverkefni).

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um góða og skapandi samvinnu,

16. ágúst 2021,

Íslenskukennarar.